eins og hjarna líkamans, og líka eins og hjarna heimsins, og hjarna heimslega líkamans — eins og alheims sálina, og heiminn eins og líkama, sambandið er orsaka- og verkana-samband; hjer er Guð heimssálin, og alheimurinn líkami. Þessi guð er einungis náttúrunnar-guð, enn ekki andans, því allar hreifingar í náttúrunni, eru skoðaðar sem hans hreifingar eða þessa eina lífsmarks eða lífs, þess eina valds. Hjer hverfur því allur mismunur í hinu sjálfkenndislega, því hjer er þvínær einginn [illegible] mismunurinn á anda lífsins og náttúru lífsins. Hugmyndin um góða og vonda menn, á sjer ekki stað, því alt og allir eru jafnt [illegible] þess eina [illegible] lífs, þeir opinbera allir, á margbreytilegan hátt, hið [illegible] alheims líf? Þessi mynd kjemur fram í „Búddatrúarbrögðunum", „Hindústrú", og í sjötta [illegible] hverfur mismunurinn á vonda og góða (á vondu og góðu); Þessvegna er „trúarsymból" Indverskra margvíslega samsett skrímsli, til að tákna það óendanlega, margbreytilega í alheimssálinni. Hjer gjetur sjálfkenndislegur vilji, dygð eður ódygð, ekki komið til skoðunar, því menninir eru ósjálfráðir einstaklingar, sem alheimssálin stjórnar eins og henni sýnist. Þetta stig er forlagatrúin í náttúrublæ, því skoðun náttúrunnar [illegible] til grundvallar, er þeim alt. Enn algyðistrúin hefur komið fram með sitt álit á enn æðra stigi hennar kjenningar, þegar menn kannast við greinarmuninn á lífinu, kannast við mismuninn á góðu og vondu í sjálfkenndislegum skilningi, þegar menn kannast við, að gángur heimsins, sje samhangandi speki opinberun, þá hverfur hugmyndin um Guð [illegible] fullkomnari. Guð verður þá það vald, sem býr lífs í sönnunni, það er játað að þessi æðsta vera sje speki og gjæska. Hjer hittumm vjer hina andlegu forlagatrú, sem svarar til hinnar fullkomnari á sjálfræðisskoðuninni; því þegar menn játa því, að þetta alt ákvarðandi vald, sje hinn skapandi og góði máttur, sem birtist í sögu heimsins, þá er að vísu frjálsræði mannsins fullkomlega bægt, enn forlögin líta sjer hjer í betri mynd. Þessi andlega forlagatrú, er því algjörlega algyðistrú — sem er að vísu sjettur sannleikur, hin sjónarmiði heimspeki og algyðistrúar —; þegar Guð er skoðaður sem íbúandi heiminum, eins og upphaf hvers samræmis, sem heldur allri byggingu heimsins í sjer, — og heimurinn er hans húsbúnaður — hann er þá stjórnarinn sem hreifir vísdómlega alla heims bygginguna — þá er það sannleikur, sem gjörir úttrúa sjónarmiðinum heimspeki og algyðistrúar, enn þar vantar opinberunar-lærdóminn, kristilega lærdómsins — enn er sannleikur hinn því, í vissum skilningi —, enn jafnfljóta þessu, hefst í þessari kjenningu forlagaheimsins. Guð kjennir að vera fram „intellectus" (speki), enn hann kjemur ekki fram sem eilíf, opinberunar-speki, kristindómsins og guðfræðinnar, eða sem veit sig sjálfan [illegible]. Hjer er ekki forsjónarinnar-Guð, ekki hinn lifandi, alvitandi, sanni Guð, sem alt sjer og veit og heyrir, því hjer er algyðistrúar kjenning, heimspeki kjenning og nokkur guðlærdóms kjenning, enn endurlausnar lærdóminn og opinberunar lærdóminn vantar að mestu, sem kristur [illegible] kjennir öllum sannkristnum. Þessi Alheimsspeki er blind, að nokkru leiti, hinir kristnu, hún vantar eptir [illegible] enn ekki andlega, opinberunar speki kristindómsins, sem veit hina spekinnar, og algyðistrúarinnar. Hún er í skilningi og hugmyndum skarpvitra manna, enn ekki djúpsæuna, [illegible] hvílandi = hugsandi í djúpi trúarinnar: hálfblind, enn ekki sjáandi, enn það er af þeim orsökum, þá vantar andans helga sjón = hið augum anda, að benda sjer sannleikanum. Þeim virtist og hinast, þótt hún sje vitur, hún sje blind, enn það er ekki svo, heldur vantar opinberunarlærdóminn í þessa skoðun, kristindómsins; enn þótt þetta vanti, þá er langt frá þessi skoðun og kjenning þeirra og min, ekki blind fyrir því, heldur gjörir hún úttrúa sínum sjónarmiðinum, og hann saman á takmarkinu —; Þessi speki („intellectus") skapar langt frá ekki tilgangslaust, enn hún hefur fremur tillit til einstaklingsins, segja þeir, enn hún hefur augað jafnt hvert heim sjónarmiðum alla; einmitt af því þessi speki er ekki persónuleg, þá er hún ekki látin bera umhyggju fyrir persónunum. Hann (Guð) ber og svo umhyggju fyrir [illegible] sem persónunum, í kristilegum skilningi, og hins heim almenna lífs, því hann er almennt líf, enn ekki einstakt. Hver einstakur er aðeins meðal einungis til að framkvæma tegundina. Þegar þeir hafa unnið verk sitt, þá er þeirra tími á enda, og alheimsspekin varar þeim burt, því það er ekki komið undir því, að hinum einstöku sje haldið við, heldur heildinni, manntegundinni í sér höfuð. Þetta er algyðistrú! Enn fremur segja þeir: dauðinn kjemur því eptir honum eins og hinn [illegible] sem gjörir eilífum enda á tilveru hvers eins, því þeirra þarf ekki lengur við í þjónustu þessa alheims anda. — Þessi

skoðun, hefur komið fram á seinni tímum hjá Spinoza og Strauss, og öllum þeim, sem segja að einungis það almenna sje [illegible]legt, enn það einstaka ekkjert. Þar er algyðistrú, og kjemur af forlagatrú — — —;

Austurlanda forlagatrúin, hafði á sjer náttúrublæ, því þar var ekkji orðinn ljós mismunurinn, milli náttúrunnar og andans ríkis. Grikkir þeirra tíma viðurkjenndu þennan mismun; þeirra algyðistrú var því fullkomnari, enn sú Indverska, enn þó var skoðun þeirra einnig forlagatrú, því „Fatum" grúfði yfir bæði guðunum og mönnunum — — — —

18. grein. Yfirheimsleg forlagatrú. —

Forlagatrúin lítur sjer einnig, frá hinu yfirheimslega sjónarmiði, þar er og Guð ekkji skoðaður, eins og í algyðistrúnni, búandi í heiminum, heldur eins og yfirheimslegt vald, sem frjálst og óháð [illegible] við heiminn ákvarðar hann með óviðráðanlegu afli, og óransakanlegri speki. Með þessu frelsi mannsins, hans vilja, vilja og frelsi heimsins, meinast [illegible]. Þessi skoðun kjemur fram í trúnni, sem „Íslamstrú". Í kristindómnum hefur þessi skoðun komið fram hjá Kalvín í lærdómnum um [illegible]. „Íslamstrú" leggur enn fremur til grundvallar, hina æðri náttúru og sönnu, og skoðar þetta í sambandi við hið yfirheimslega vald. Kalvín þann máti skoðar Guðlegt vald, í sambandi við andann og hinn innra mann. Í „Íslamstrúnni", er að sönnu játað, hæfilegleika viljans, að ákvarða sig, ætla sjer eitthvað, enn viljinn er afl laus hjá þeim, til að framkvæma, því það er bundið við „Allahs"-vilja (hans hinn einráða vilja), sem hið eilífa hefur ákvarðað alt, jafnvel hið [illegible], er hið eilífa skrifað í bók forlaganna, hvort sem það er í [illegible] einstaklingsins, þjóða eða alls mannkynsins. „Það hafði hann skrifað eður öðruvísi", þá er ákvarðað hvenær hver skuli deyja. Hjá Kalvín hefur þessi forlagatrú komið fram innan kristindómsins takmarka. Hjer er hin óbreitanlega ákvörðun, skoðuð í tilliti til hinnar andlegu náttúru. Guðs alvelti hefur hjarta manna og vilja í hendi sinni. Í lærdómnum um syndina og náðina tekur Kalvín svo hart fram alvelti Guðs, að frelsið verður að engu. Öll mannleg kjör, sæla og vansæla, er frá eilífð ákvarðað í Guðs „decreto absoluto". Kalvín: „non eadem conditione creantur omnes, sed aliis vita æterna aliis damnatio sempiterna præordinatur." Eptir þessum lærdómi er Guðs náðarval ótakmarkað, Guð hefur ekkji tillit til syndanna í Adam, miklu fremur ákvarðar hann sjálfur sinn vilja. Þegar menn segja Kalvín, að þetta sje ranglæti, og maðurinn falli ([illegible]) fyrir Guðsgjöfina, þá segir Kalvín, hvernig gjetur kerið gjört úr leir, sagt til smiðsins, hví gjörðir þú mig svo, að jeg gjet ekki gjört við neinum líkamann og brestunum, og ekki verið eins og þú vildir jeg væri: vitsmuni og gott og fagurt og ánægjulegt ker, sem sendi [illegible] þína í mjer; Öll sökin er því á þjer, en ekki á mjer, jeg er eins og þú gjörðir mig, og því gjet jeg, sem aldrei er eins, ekki breitt því; þú ert því vor [illegible] fyrir gjörð þína í mjer. Jeg er minnismerki um [illegible]. Þessi skoðun neitar algjörlega hinum venjulega vilja, því hann leggur [illegible], að allir hafi í sjer innra- og innilega hæfilegleika andans til sælunnar, enn það neitar Kalvín. Sömuleiðis verður eptir þessum skoðunum öll sagan ónauðsynleg, því sjálf sagan er ekki annað enn [illegible] Guðlegra ráðstafana, því ekkjert nýtt kjemur inn í gang heimsins, sem ekki hafi áður skeð í Guði — — — ; — —

19. grein. Guðleg forsjón. Það góða. —

Lærdómur kristindómsins, um forsjón Guðs, innibindur í sjer, hina sönnu skoðun á frjálsræði manna. Það sanna í sjálfræðis- og ósjálfræðis-skoðuninni, kjemur fram eins og atriði í forsjónar lærdómnum. Lærdómurinn, um Guðlega forsjón, staðfestir frelsi viljans, í þeim lærdómi samþýðist Guðsvilji og vilji mannsins, án þess þó að annar hvor verði undir. Sameining að-jöfnu verður eining (s. andlegir samvilja, svo sem einn vilji). Því þó hann sje utanfyrir sig, og þegar mismunurinn hverfur, þá verður sameiningin andleg. Í forlagatrúnni hefur heimurinn, einga sjálfráða tilveru, þar var sameiningin milli Guðs og heimsins ekkji andleg, heldur utanvert, Guðsvilji lagt eins og yfirheimslegt vald yfir heiminn, eða kjemur innanað- og eingin sjálfræði. Hinn kristilegi lærdómur sinn þann máta, að Guðsvilji krefur að heimurinn hafi náttúru sjer og maðurinn frjálsræði. Það liggur í eðli Guðsvilja sjálfs, að til sje frjáls heimur og sjálfræðisins ríki. Því þannig hinn Guðlegi vilji vill birtast, þá heimtar hann að annar vilji sje enn Guðs vilji, sem hann birtist í og sameinist, og framkvæmi hans ráðstafanir; enn þetta útheimtir, að annað frelsisríki sje til, sem hafi að nokkru leiti frelsi útaf fyrir sig. Guðsvilji er þannig ekkji ákvarðandi þjóðandi eða blind nauðsyn, heldur sýnir hann sig sem forsjónarvilja;